

Kaup Smiðjutorgs ehf. á hluta af eignum úr þrotabúi Kamba byggingarvara ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Smiðjutorgs ehf. (hér eftir „Smiðjutorg“) á hluta af eignum og rekstri þrotabús Kamba byggingarvara ehf. (hér eftir „Kambar“). Um er að ræða kaup á Glerverksmiðjunni á Hellu ehf. (Hér eftir *Glerverksmiðjan*) úr þrotabúi Kamba, en fyrirtækið starfaði á markaði fyrir framleiðslu á gleri. Smiðjutorg er eignarhaldsfélag í eigu Stjörnuþlíkks ehf. sem rekur þlíkksmiðju. Gerir Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við kaupun.
2. Fullnægjandi tilkynning barst Samkeppniseftirlitinu þann 23. júní 2025 og byrjuðu frestir að líða þann 24. júní 2025. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfírráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yfírráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki.
3. Með samrunaskrá fylgdu margvísleg gögn, þ.m.t. kaupsamningur milli kaupenda og seljenda um viðskiptin, ársreikningar samrunaðila og tengdra aðila. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem með fylgdu og aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði.
4. Líkt og rakið er í samrunaskrá voru Kambar teknir til gjaldþrotaskipta þann 2. apríl 2025, en starfsemi félagsins hafði áður verið lögð af og hefur engin starfsemi verið í félaginu síðan. Að sögn samrunaðila óskaði þrotabúi Kamba þann 10. apríl 2025 eftir óskuldbindandi tilboðum í eignir og eftirstandandi rekstur félagsins. Smiðjutorg reyndist vera með hagstæðasta tilboðið og í samrunaskrá segir að með samningi sem var undirritaður þann 18. júní 2025 hafi samrunaaðilar komist að samkomulagi um kaup Smiðjutorgs á hluta af eignum og rekstri Kamba. Hið selda sé sá hluti starfsemi Kamba sem lúti að framleiðslu og sölu á gleri og tengdri starfsemi.
5. Eins og fyrr greinir sé Smiðjutorg í fullri eigu Stjörnuþlíkks sem á og rekur þlíkksmiðju. Finnþogi Geirsson fer með 65% eignarhlut í félaginu, 30% sé í eigu Margrétar Þorgeirsdóttur og 5% í eigu félagsins sjálfs. Fram kemur í samrunaskrá að félögin hafi ekki yfírráð yfir öðrum félögum. Í samrunaskrá segir jafnframt að starfsemi Stjörnuþlíkks felist helst í framleiðslu og uppsetningu loftræstikerfa sem og alhliða þlíkksmiði.
6. Samkvæmt b-lið 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, sbr. einnig viðauka II við reglur nr. 1390/2020, skal í styttri tilkynningu um samruna koma fram lýsing á þeim vöru- eða þjónustumörkuðum og landfræðilegu mörkuðum sem samruninn hefur áhrif á. Varðandi skilgreiningu markaða vísa samrunaaðilar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2018, samruni Lyf og heilsu hf. og Barkar ehf. Þar var til skoðunar sá hluti starfsemi Kamba er varðar þetta samrunamál. Í ljósi umfjöllunar í fyrrgreindu máli telja samrunaaðilar vörumarkað málsins vera byggingamarkaðinn í heild sinni og einnig eftir atvikum undirmarkaður fyrir framleiðslu og sölu á gleri. Hvað



landfræðilegan markað varir telja aðilar hann alþjóðlegan enda veiti innflutningur á byggingarvörum samrunaaðilum mikið samkeppnislegt aðhald.

7. Að mati aðila hafi samruninn engin skaðleg áhrif á samkeppni eða neytendur. Skörun í starfsemi samrunaaðila sé engin og fjölmargir innlendir og erlendir aðilar veiti samrunaaðilum samkeppnislegt aðhald. Helstu samkeppnisaðilar samrunaaðila bæði hvað verðar innflutning og framleiðslu séu stór og öflug fyrirtæki eins og Íspan, Húsasmiðjan, Byko, Skanva og Gluggataekni. Þá telja samrunaaðilar að aðstæður á markaði hafi lítið breyst frá fyrrgreindri ákvörðun nr. 7/2018 og þá hafi staða samrunaaðila ekki verið talin það sterk að hætta væri á að sá samruni myndi skaðaða samkeppni.
8. Líkt og greinir í samrunaskrá telji aðilar ljóst að samruninn tryggi að starfsemi Glerverksmiðjunnar, sala og tengd starfsemi hefjist á ný. Um sé ræða samruna þar sem annar aðilinn sé gjaldþrota og fallandi fyrirtæki. Þar segir jafnframt að samstæða kaupanda hafi fjárhagsleg burði til að endurvekja starfsemina, auka samkeppni á framgreindum mörkuðum og veita þar með öðrum markaðsaðilum samkeppnislegt aðhald.
9. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina markað málsins með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa talið, en ekki er þó tekin formleg afstaða til viðkomandi markaða þar sem þess er ekki þörf við lausn þessa máls í ljósi takmarkaðra áhrifa samrunans og þeirrar takmörkuðu samkeppni sem stafar frá hinu keypta úr áður nefndu þrotabúi. Jafnframt má að mati Samkeppniseftirlitsins taka undir með aðilum að samruninn hafi möguleg jákvæð áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði og hið keypta félag hafi starfað áður að nokkru leyti við alþjóðlega samkeppni.
10. Með vísan til fyrirliggjandi gagna og framangreindrar umfjöllunar fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að hann leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast í tengslum við þennan samruna né rannsaka hann frekar, og lýkur því rannsókn eftirlitsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Smiðjutorgs ehf. á hluta af eignum úr þrotabúi Kamba byggingavara ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson